

Fjarðabyggð

Leira 1, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu. Tillaga að deiliskipulagi.

Kynning á vinnslustigi.

Greinargerð (útdráttur):


Eftirspurn er eftir auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi í Eskifjarðarhöfn. Töluverð uppbygging hefur verið hafnarsvæðinu síðustu misseri tengt frystigeymslu og uppsjávarvinnslu og sem nýlega var reist. Athafnasvæði er af skornum skammti á hafnarsvæðinu fyrir starfsemina og því er áhugi á að stækka það, auk þess sem stefnt er að hagræðingu með því að skip sem þjónusta vinnsluna á þessu svæði geti lagst þarna að bryggju. Til að bregðast við þessu er áformað að stækka hafnarsvæðið á Eskifirði með því að bæta við núverandi landfyllingu og byggja 200 metra langa viðlegubryggju á eyrinni sunnan við olíutankana.

Í gildi er deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið frá árinu 1994, „Leira 1 - deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu.“ Deiliskipulagið er komið til ára sinna og aðeins ein breyting hefur verið gerð á deiliskipulaginu frá gildistöku þess. Í ljósi þess var ákveðið að endurskoða gildandi deiliskipulag í heild sinni, uppfæra greinargerð, skipulagsskilmála og deiliskipulagsupprátt. Við endurskoðunina fellur uppráttur og greinargerð gildandi deiliskipulags úr gildi. Stækkun hafnarinnar kallar á breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027. Tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi og tillaga að breyttu á aðalskipulagi verða

unnar og auglýstar samhlíða.

Helstu breytingar sem gerðar eru á samþykktu deiliskipulagi eru:

- Deiliskipulagsuppráttur er uppfærður í samræmi við mælingar sem gerðar voru á svæðinu sumarið 2017.
- Í greinargerð eru tilgreindar þær breytingar sem telja má verulegar, s.s. stækkun byggingarreita og tilfærsla á lóðamörkum.
- Heiti og númer eintaka/sumra lóða breytast.
- Sérskilmálum fyrir einstaka lóðir er bætt við í greinargerð. Einnig eru almennir skilmálar uppfærdir.
- Sérskilmálum fyrir olíubirgðastöð og fiskmjölsverksmiðju sem eru innan svæðisins er bætt við.
- Stækkun hafnar er færð inn á upprátt.
- Mörk deiliskipulagsins breytast.



Skýringarmynd: Hluti Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Eskifirði



Tillaga að deiliskipulagi: Leira 1, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu í mkv. 1:2000

- Skýringar**
- Mörk skipulags
 - Núverandi byggingar
 - Byggingarreitur
 - Lóðamörk
 - Stækkun hafnar
 - Hættusvæði A
 - Hættusvæði C
 - Olíuheldi þró
 - Stækkun á olíuheldri þró
 - Lýsisþró
 - Kvöð á lóð
 - Aðkoma inn á lóð (leiðbeinandi)
 - Mænisstefna



Deiliskipulag Leiru 1, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu dags. 20.6.1994 í mkv. 1:2000



Hluti deiliskipulags Leiru 1, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu. Breyting dags 4.2.2016 í mkv. 1:2000

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði _____ 2018 og í bæjarstjórn _____ 2018.

Tillagan var auglýst frá _____ 2018 með athugasemdafrest til _____ 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda _____ 2018.

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar

Verk: 1233-003-U01	FJARÐABYGGÐ Leira 1, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu	alla@alta.is www.alta.is
	Tillaga að deiliskipulagi	
5. mars 2018	Mælikvarði: 1:2000 @ A1	Teikn./Yfirfarir: PK/HB